# ÞORGEIRSSTAÐIR Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

## Deiliskipulag




Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:12.000.

Deiliskipulag fyrir bæjarhlaðið í mkv. 1:2.000.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, m.s.br.

Deiliskipulag fyrir tjaldsvæði og virkjanir í mkv. 1:2.000.

SKÝRINGAR

- Landamerki skv. grunni FMR
- Byggingareitir
- Núverandi hús
- Ný hús, hugsanleg staðsetn.
- Hnit byggingareits
- Vegir og bílastæði
- Gönguleið
- Göngubrú
- Tjaldsvæði
- Hreinsivirki
- Fornminjar
- Raflína
- Vatnsból
- Grannsvæði vatnsbóls
- Fjarsvæði vatnsbóls
- Skipulagssvæði

HNIT LÓÐAR OG BYGGINGAREITA Í ISN93

| Nr. | Austur | Norður | Nr. | Austur | Norður |
|---|---|---|---|---|---|
| 1, | 696763.6, | 433241.0 | 16, | 696852.7, | 433282.3 |
| 2, | 696753.7, | 433242.0 | 17, | 696812.1, | 433262.2 |
| 3, | 696752.4, | 433243.0 | 18, | 696803.5, | 433275.3 |
| 4, | 696753.4, | 433252.5 | 19, | 696406.9, | 432594.7 |
| 5, | 696821.8, | 433245.1 | 20, | 696423.3, | 432620.1 |
| 6, | 696836.9, | 433251.8 | 21, | 696460.2, | 432596.4 |
| 7, | 696883.6, | 433213.9 | 22, | 696443.7, | 432570.9 |
| 8, | 696855.7, | 433179.8 | 23, | 696362.6, | 432433.6 |
| 9, | 696827.0, | 433168.5 | 24, | 696362.6, | 432453.1 |
| 10, | 696805.5, | 433184.7 | 25, | 696379.5, | 432453.1 |
| 11, | 696812.4, | 433221.4 | 26, | 696379.5, | 432433.6 |
| 12, | 696833.6, | 433248.1 | 27, | 697492.3, | 431806.7 |
| 13, | 696876.5, | 433213.2 | 28, | 697439.4, | 431842.5 |
| 14, | 696855.0, | 433186.8 | 29, | 697477.4, | 431898.5 |
| 15, | 696839.0, | 433303.1 | 30, | 697530.2, | 431862.7 |
| | | | 31, | 696807.3, | 433282.1 |

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppdráttur
Greinargerð, dags. 04.01.2023

KORTAGRUNNAR
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.
IS50v frá Landmælingum Íslands
Landamerki frá Þjóðskrá

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____________ til _____________

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar ______________

_______________________________________________
F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda ___________

SKIPULAGSSKILMÁLAR sbr. greinargerð

Byggingareitur B1. Heimilt er að byggja tvö hús fyrir ferðaþjónustu, hvort um sig allt að 60 m$^2$. Mænishæð getur verið allt að 5,0 m m.v. gólfkóta.

Byggingareitur B2. Innan reitsins er 530 m$^2$ fjárhús og hlaða sem verður breytt í gistingu. Heimilt er að stækka núverandi mannvirki og getur heildar byggingarmagn verið allt að 1.000 m$^2$. Mænishæð getur verið allt að 8,0 m m.v. gólfkóta.

Byggingareitur B3. Heimilt er að byggja rennslisvirkjun. Stöðvarhús getur verið allt að 20 m$^2$ og raforkuframleiðsla allt að 65 kWh. Stífla er til staðar í Þorgeirsstaðaá vegna eldri virkjunar. Stíflan verður lagfærð. Við stífluna er lón um 20*40 m að stærð, meðaldýpt er um 2 m. Frá stíflunni verður lögð um 500 mm niðurgrafin aðrennslispípa að stöðvarhúsinu, um 250-300 m að lengd. Virkjunin þarf ca 0,4-0,7 m$^3$/sek. Rennsli árinnar minnkar á þessum 300 m kafla frá stíflu að stöðvarhúsi. Afrennsli frá virkjuninni fer aftur í Þorgeirsstaðaá við stöðvarhúsið. Mænishæð stöðvarhúss getur verið allt að 6,0 m m.v. gólfkóta. Raforka frá virkjuninni verður nýtt á tjaldsvæði sem er fyrirhugað sunnan árinnar og einnig á Þorgeirsstöðum. Aðkoma að stöðvarhúsi er af Suðurlandsvegi nr. 1, skammt norðan Þorgeirsstaðaár og um núverandi vegslóða sem liggur í Þorgeirsstaðadal.

Byggingareitur B4. Heimilt er að byggja allt að 100 m$^2$ þjónustuhús fyrir tjaldsvæðið. Mænishæð getur verið allt að 5,0 m m.v. gólfkóta. Fyrrum Suðurlandsvegur, sem er norðan við núverandi veg, verður nýttur sem aðkomuvegur.

Byggingareitur B5. Heimilt er að byggja allt að 20 m$^2$ stöðvarhús og raforkuframleiðsla allt að 125 kWh. Mænishæð stöðvarhúss getur verið allt að 6,0 m m.v. gólfkóta. Frá nýrri virkjun vestan Suðurlandsvegar verður lögð 500 mm niðurgrafin aðrennslispípa að stöðvarhúsinu, um 12-1400 m að lengd. Þegar virkjunin er í notkun minnkar rennsli Þorgeirsstaðaár, neðan efri virkjunar, sem nemur 0,4-0,7 m$^3$/sek. Ekki er gert ráð fyrir að virkjanirnar verði í notkun samtímis. Jarðstrengur verður lagður með aðrennslispípunni og raforkan nýtt á tjaldsvæði og á Þorgeirsstöðum. Afrennsli frá virkjuninni verður veitt um skurð eða með niðurgrafinni frárennslispípu í Papafjörð. Aðkoma er af Suðurlandsvegi nr. 1 og um núverandi vegslóða skammt sunnan Þorgeirsstaðaár. Umferð um þennan veg verður einungis í tengslum við landbúnaðarnot af svæðinu, til að þjónusta stöðvarhús, háspennulínu og til að nýta námu sem skilgreind er í aðalskipulagi.

# ÞORGEIRSSTAÐIR

Deiliskipulag

| | |
|---|---|
| Verk: 8290-001 | Dags: 04.01.2023 |
| Mkv. 1:2.000 í A1 | Breytt: |
| Unnið: IS | Rýnt: ÁJ |
| Samþykkt: TILLAGA | |